# AUGLÝSING

## um breytingar nr. 5 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 15. september 1965 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1965.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Jón Thors.*

Nr. 198. 21. september 1965.

# AUGLÝSING

## um Lyfjaverðskrá III. Dýralyf.

Frá og með 15. október n. k. gengur í gildi Lyfjaverðskrá III, dýralyf, og skulu læknar, lyfsalar og dýralæknar selja dýralyf samkvæmt þeirri verðskrá frá þeim tíma.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1965.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

Nr. 199. 30. september 1965.

# AUGLÝSING

## um útgáfu sérlyfjaskrár, innflutning sérlyfja og sölu birgða óskráðra sérlyfja.

Frá og með 1. janúar 1966 gengur í gildi sérlyfjaskrá, útgefin í dag, samkvæmt 53. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

Samkvæmt 54. gr. lyfsölulaga er einungis heimilt að flytja inn og selja hér á landi þau sérlyf, sem skráð eru í sérlyfjaskrá og einungis í þeim formum, sem þar eru skráð.

Jafnframt er með vísun til 66. gr. lyfsölulaga veitt undanþága til 1. janúar 1968 til að selja þær birgðir óskráðra sérlyfja, sem sannanlega eru tollafgreiddar fyrir 31. desember 1965, enda hafi sérlyfið verið tekið upp í Lyfjaverðskrá II, frá 15. febrúar 1963 ásamt breytingum og viðaukum nr. 1, 3, 4 og 5.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1965.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*